

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

**2012**

---

Frjálsi lífeyrissjóðurinn  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
kt. 600978-0129

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

**2012**

## Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18
Sérgreind yfirlit deilda	19-21
Kennitölur	22-27
Sundurliðanir á verðbréfum	28-30
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2012 (útdráttur)	31

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 20. mars 2013

Deloitte ehf.



Halldór Arason

endurskoðandi



Guðmundur Ásgeirsson

endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

### Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2012 voru sjóðfélagar 45.926 og fjölgaði þeim um 3.202 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 17.336 og fjölgaði þeim um 1.818 sem er ánægjuleg þróun í ljósi þess að ekki er skylduaðild að sjóðnum. Hrein eign sjóðsins nam 116.668 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingaleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild
Nafnávöxtun .....	14,1%	8,8%	5,4%	9,8%	10,5%
Raunávöxtun .....	9,2%	4,1%	0,9%	5,0%	5,7%
Hrein eign í milljónum króna .....	65.676	5.501	16.326	18	29.147
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa .....	37.936	2.953	7.203	23	35.133
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu .....	11.461	1.199	4.551	15	14.162
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu .....	8.060	857	3.238	9	9.826
Fjöldi lífeyrisþega .....	815	203	564	0	810
<b>Markhópur</b>	<b>Yngri en 55 ára</b>	<b>Eldri en 55 ára</b>	<b>Lífeyris- þegar</b>	<b>Áhættu- sæknir</b>	<b>Allir</b>
<b>Fjárfestingarstefna 2012:</b>					
Skuldabréf .....	65%	85%	75%	60%	80%
Innlend hlutabréf .....	8%	3%	0%	13%	5%
Erlend hlutabréf .....	25%	6%	0%	25%	8%
Sérhæfðar fjárfestingar .....	2%	1%	0%	2%	2%
Bankainnstæður .....	0%	5%	25%	0%	5%
	100%	100%	100%	100%	100%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og sjá starfsmenn bankans um rekstur sjóðsins. Stjórnarmenn í aðalstjórn eru sjö talsins, þrír skipaðir af rekstraraðila og tveir kosnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins.

### Ávöxtun sjóðsins

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins var góð á árinu 2012 m.v. markaðsaðstæður og allar fjárfestingarleiðir skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu. Munur á ávöxtun leiða skýrist að miklu leyti af mismunandi fjárfestingarstefnu en eftir því sem meira var fjárfest í hlutabréfum var ávöxtun hærrí vegna mikillar hækkunar á þeim. Frjálsi 1 skilaði 14,1% nafnávöxtun og 9,2% raunávöxtun sem er hæsta ávöxtun leiðarinnar frá árinu 2006. Af fjárfestingarleiðum sjóðsins hefur þó Frjálsi 3 skilað hæstu meðalávöxtun sl. 5 ár eða 12,4% nafnávöxtun og 4,7% raunávöxtun

Á árinu hækkaði úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa um 14% og heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index) hækkaði um 18%. Ávöxtun var lægri á skuldabréfum en var almennt jákvæð.

## Skýrsla stjórnar

---

### Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs neikvætt um 0,3% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um og ber sjóðnum því ekki skylda til að lækka réttindi sjóðfélaga. Hlutfall heildareigna á móti áunnum skuldbindingum var neikvætt um 1,6%.

Á árinu 2012 voru gefnar út nýjar töflur um lífslíkur sem gera ráð fyrir lengri meðalævi en áður og hækkuðu þar með skuldbindingar sjóðsins um 1,5% og höfðu neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Þess má geta að ef nýjar töflur um lífslíkur hefðu ekki tekið gildi hefði sjóðurinn verið með jákvæða tryggingafræðilega stöðu.

### Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2012 námu 9,2 milljónum króna og umsýsluþóknun til rekstraradila nam 349,7 milljónum króna. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 1,2 milljónum króna og þóknun til endurskoðenda nam 6,5 milljónum króna.

### Nýr rekstrarsamningur

Eins og greint var frá í síðasta ársreikningi skrifaði stjórn sjóðsins og Arion banki undir nýjan rekstrarsamning í ferbrúar 2012 sem kveður á um áframhaldandi rekstur og eignastýringu sjóðsins hjá Arion banka. Stjórn hafði látið gera ítarlega úttekt á mögulegu rekstrarformi sjóðsins til framtíðar. Mat stjórnar var að hagsmunum sjóðsins væri best gætt með því að halda áfram samstarfi við Arion banka um rekstur sjóðsins.

Arion banki tók við rekstri sjóðsins eftir fall Kaupþings 2008. Eins og margoft hefur komið fram kom sjóðurinn betur út úr bankahruninu en flestir aðrir lífeyrissjóðir sem einnig má sjá í skýrslu úttektarnefndar lífeyrissjóða sem kom út í febrúar 2012. Þeir lykilstarfsmenn sem komu að rekstri og eignastýringu sjóðsins fyrir bankahrun starfa nú við það sama hjá Arion banka.

Ljóst er að efla þarf eignastýringu lífeyrissjóða og auknar kröfur hafa verið gerðar til áhættustýringar og innra eftirlits. Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er það gríðarlegur styrkur að hafa öflugan banka á bak við sig í þeim breytingum sem eru framundan.

### Lægri umsýsluþóknun

Í nýja rekstrarsamningnum var samið um lægri umsýsluþóknun sjóðsins til bankans fyrir rekstur og eignastýringu. Þóknunin í eldri samningi var árangurstengd og var á bilinu 0,29%-0,59% af hreinni eign sjóðsins háð ávöxtun m.v. viðmiðunarvísitölur sjóðsins. Í nýja samningnum var fallið frá árangurstengingu og er þóknunin tvískipt. Sjóðurinn greiðir árlega þóknun sem nemur 170 milljónum króna á ári sem uppfæriskostnaði launavísitölu og árlega umsýsluþóknun sem nemur 0,16% af hreinni eign sjóðsins. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt á að hlutfallslegur kostnaður sjóðsins lækki eftir því sem sjóðurinn stækkar. Á árinu lækkaði umsýsluþóknun um 10 milljónir króna frá árinu áður þrátt fyrir að sjóðurinn hafði stækkað. Þóknunin nam 0,32% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins en þóknunin var 0,39% árið áður.

### Áhættustefna

Á árinu 2012 tóku í gildi leiðbeinandi tilmæli Fjármálefntirlitsins um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða. Tilmælin kveða m.a. á um að lífeyrissjóðir móti áhættustefnu og að gefnar verði út áhættuskýrslur sem kynntar eru fyrir stjórn. Stjórn sjóðsins samþykkti áhættustefnu í nóvember 2012 en í henni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Fjármálaeftirlitið hefur nú endurgert tilmælin þannig að þau taka nú einnig til vörsluadila lífeyrissparnaðar, þ.m.t. til séreignardeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins.

### Uppgjör gjaldmiðlasamninga við slitastjórn Kaupþings

Í nóvember 2012 samdi Frjálsi lífeyrissjóðurinn ásamt fleiri lífeyrissjóðum við slitastjórn Kaupþings um uppgjör á gjaldmiðlasamningum. Samningarnir voru gerðir upp með skuldajöfnun skuldabréfa útgefnum af Kaupþingi banka hf. sem voru í eigu sjóðsins og með greiðslum í evrum. Greiðslur vegna uppgjörins áttu sér stað á 1. ársfjórðungi 2013 en áhrif uppgjörins koma fram í þessum ársreikningi. Uppgjörið felur í sér tekjufærslu fyrir sjóðinn á árinu 2012 að fjárhæð 1.547 milljónir króna sem skýrist af því að niðurstaða samninganna er mun hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir í reikningsskilum sjóðsins.

## Skýrsla stjórnar

### Sérstakt gjald lífeyrissjóða í ríkissjóð

Í ársreikningi sjóðsins árið 2011 var í fyrsta sinn gjaldfært í tryggingadeild sjóðsins sérstakt gjald í ríkissjóð að fjárhæð 15,7 milljónir króna sem sett var á með lagasetningu til að fjármagna hlutdeild lífeyrissjóða í fjármögnun á sérstökum vaxtabótum. Gjaldið var fyrirframgreiðsla upp í álagningu opinberra gjalda 2012 og nam 0,0814% af hreinni eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris á árslok 2010. Endanlegt gjald sjóðsins nam 19,1 milljónum króna og var það sem upp á vantar að fjárhæð 3,4 milljónir króna greitt á árinu.

Lífeyrissjóðir mótmæltu harðlega skattlagningunni sem leiddi til þeirrar niðurstöðu á árinu að stjórnvöld felldu brott ákvæði laga sem fólu í sér aðra sambærilega skattlagningu vegna ársins 2012. Hins vegar fá sjóðirnir ekki endurgreiddan þann skatt sem var greiddur vegna ársins 2011 eins og vonast hafði verið eftir.

### Enn auknar heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar


Þann 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög sem auka enn á heimildir sjóðfélaga til að fá greitt út séreignarsparnað. Útgreiðslufjárhæðin sem heimilt er að fá greidda út er óbreytt, 6,25 milljónir króna en hún dreifist á jafnar mánaðarlegar greiðslur. Ekki er gert ráð fyrir að þetta leiði til þess að útgreiðslur séreignadeildar hækki ef tekið er mið af útgreiðslum síðasta árs. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki átt í erfiðleikum með að mæta þessu útlæði þar sem gæði og seljanleiki eignasafnsins er mikill.

### Greiðslur til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóð

Ný lög tóku gildi á 3. ársfjórðungi ársins 2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Samkvæmt lögnum skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur skulu greiða 0,13% af ídgjaldsstofni sjálfra sín og launamanna er starfa hjá þeim. Á árinu greiddi tryggingadeild sjóðsins í fyrsta sinn gjald til VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs og nam heildarfjárhæðin um 13 milljónum króna.

Reykjavík, 20. mars 2013

#### Í stjórn

  
Asgeir Thoroddsen  
stjórnarformaður


  
Asdís Eva Hannesdóttir

  
Elías Jónatansson


  
Jónmundur Guðmarsson

  
Bjarnar S. Ingimarsson

  
Elín Þórðardóttir

  
Magnús Pálmi Skúlason

#### Framkvæmdastjóri

  
Arnaldur Loftsson

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		2.562.765	2.365.193
Iðgjöld launagreiðenda .....		5.176.903	4.413.402
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		75.303	23.232
Sérstök aukaframlög .....		98.130	70.231
	9-10	<u>7.913.101</u>	<u>6.872.058</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	11	(2.680.319)	(3.590.697)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	12	(15.963)	(2.259)
		<u>(2.696.282)</u>	<u>(3.592.956)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur (gjöld) af eignarhlutum .....	13	953.413	(141.372)
Vaxtatekjur og gengismunur .....	14	11.216.100	9.826.144
Breytingar á niðurfærslu .....	22	(8.752)	128.847
		<u>12.160.761</u>	<u>9.813.619</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(142.310)	(144.526)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(142.310)	(144.526)
	15	<u>(284.620)</u>	<u>(289.053)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	15-17	(136.885)	(135.977)
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði .....	18	(3.376)	(15.727)
		<u>(140.261)</u>	<u>(151.704)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....	19	16.952.699	12.651.965
Hrein eign frá fyrra ári .....		99.715.434	87.063.469
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>116.668.133</u>	<u>99.715.434</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	20	44.050.366	35.617.108
Verðbréf með föstum tekjum .....	21	65.598.294	60.185.649
Veðlán .....	24	1.616.391	1.517.484
Verðtryggð innlán .....		2.500.049	2.228.455
Aðrar fjárfestingar .....	25	14.788	40.855
		<u>113.779.888</u>	<u>99.589.551</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		619.740	434.328
Aðrar kröfur .....	26	87.592	66.040
		<u>707.332</u>	<u>500.368</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		3.005.127	1.808.768
		<u>117.492.347</u>	<u>101.898.687</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Gjaldmiðlasamningar .....	28	0	(1.727.444)
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	27	(824.214)	(455.809)
		<u>(824.214)</u>	<u>(2.183.253)</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>			
		<u>116.668.133</u>	<u>99.715.434</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....	9-10	7.913.101	6.872.058
Fjárfestingartekjur .....		498.483	486.113
Afborganir verðbréfa .....		4.114.949	3.842.880
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		3.813.180	5.461.532
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		2.314.427	5.504.397
Seldar aðrar fjárfestingar .....		26.067	0
		<u>18.680.207</u>	<u>22.166.980</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....	11	2.696.282	3.590.697
Fjárfestingargjöld .....	15	284.621	289.053
Rekstrarkostnaður .....	15-18	140.261	153.961
Skammtímalíðir, breyting .....		(161.442)	260.988
		<u>2.959.722</u>	<u>4.294.699</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		<u>15.720.485</u>	<u>17.872.281</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum .....		6.743.094	5.667.810
Keypt verðbréf með föstum tekjum .....		7.255.882	11.592.035
Ný veðlán og útlán .....		253.556	346.270
Keyptar aðrar fjárfestingar .....		0	26.067
Hækkun á bankainnstæðum .....		271.594	188.578
		<u>14.524.126</u>	<u>17.820.760</u>
Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum .....		1.196.359	51.521
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....		<u>1.808.768</u>	<u>1.757.247</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok .....		<u>3.005.127</u>	<u>1.808.768</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálefutirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignadeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga. Samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2011 hafa breyst lítillega frá ársreikningi 2011, þar sem sameiginleg deild lífeyrissjóðsins er nú með í heildarfjárhæðum.

### 2. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Kaupgengi Reuters og árslokagengi var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2012	2011	31.12.2012	31.12.2011
E vra.....	EUR	160,71	161,23	168,69	158,59
Bandaríkjadóllar.....	USD	124,76	115,72	127,71	121,87
Japanskt jen.....	JPY	1,56	1,45	1,48	1,58
Svissneskur franki.....	CHF	133,11	130,92	139,49	130,40
Sterlingspund.....	GBP	197,72	185,55	207,56	189,73
Sænsk króna.....	SEK	18,43	17,83	19,61	17,75
Dönsk króna.....	DKK	21,55	21,61	22,57	21,30

### 4. Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Sjá nánar í skýringu 28.

### 5.

#### *Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3, Frjálsi Áhætta:*

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

#### *Tryggingadeild:*

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhættu hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

## Skýringar

### 6. Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignasýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### 8. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Iðgjöld

9. Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar bæði greiðslur og skilagreinar hafa borist sjóðnum. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru. Daglegt uppgjör fer fram á milli iðgjaldareikningsins og deilda sjóðsins sem felur í sér að greiðslur eru millifærðar af iðgjaldareikningi yfir á bankareikninga viðkomandi deilda í samræmi við samninga sjóðfélaga. Í árslok 2012 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 483,2 milljónir króna.

Í tryggingadeild sjóðsins hafa iðgjöld vegna ársins 2012 eða eldri tímabila, sem voru greidd og/eða skráð eftir að uppgjörstímabilinu lauk, verið bókfærð að fjárhæð 295 milljónir króna. Einnig eru iðgjöld tryggingadeildar áætluð vegna skilagreina sem hafa borist en hafa ekki verið greiddar þegar uppgjörstímabilinu lauk. Í árslok 2012 eru áætluð iðgjöld tryggingadeildar vegna ógreiddra skilagreina 325 milljónir króna.

Samanburðartölur vegna 2011 eru ekki fyrirleggjandi vegna breyttrar aðferðarfræði við upptöku nýs lífeyriskerfis á árinu 2012.

### 10. Iðgjöld greinast þannig:

	2012	2011
Lágmarksiðgjöld .....	6.392.779	5.332.688
Viðbótariðgjöld .....	1.346.889	1.445.907
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	75.303	23.232
Sérstök aukaframlög .....	98.130	70.231
	<u>7.913.101</u>	<u>6.872.058</u>

## Skýringar

### Lífeyrir

#### 11. Lífeyrir greinist þannig:

	2012	2011
Ellilífeyrir .....	1.327.693	1.201.403
Barnalífeyrir .....	10.705	9.441
Makalífeyrir .....	24.826	24.405
Örorkulífeyrir .....	162.900	143.977
Fyrirframgreiðsla séreignaspamaðar .....	1.055.934	2.103.388
Annar lífeyrir .....	98.261	108.083
	<u>2.680.319</u>	<u>3.590.697</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2012
Ellilífeyrir .....	543.764	107.450	575.310	0	101.169	1.327.693
Barnalífeyrir .....	0	0	0	0	10.705	10.705
Makalífeyrir .....	0	0	0	0	24.826	24.826
Örorkulífeyrir .....	7.086	241	4.797	0	150.776	162.900
Fyrirframgreiðsla séreignaspamaðar .....	820.120	54.169	181.639	6	0	1.055.934
Annar lífeyrir .....	48.175	2.692	47.394	0	0	98.261
	<u>1.419.145</u>	<u>164.552</u>	<u>809.140</u>	<u>6</u>	<u>287.476</u>	<u>2.680.319</u>

#### 12. Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig :

	2012	2011
Kostnaður vegna örorkumats .....	2.879	2.259
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður .....	13.084	0
	<u>15.963</u>	<u>2.259</u>

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur skulu greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,13% af iðgjaldsstofni sjálfra sín og launamanna er starfa hjá þeim. Undir liðnum VIRK- starfsendurhæfingarsjóður undir Lífeyrir í Breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris kemur fram gjald Frjálsa lífeyrissjóðsins til VIRK- Starfsendurhæfingarsjóðs sem var reiknað af iðgjaldsstofni október til og með desember 2012 en ákvæðið um greiðslu lífeyrissjóða tók gildi á 3. ársfjórðungi 2012.

## Skýringar

### Fjárfestingartekjur

#### 13. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinist þannig:

	2012	2011
Gengismunur af hlutabréfum .....	922.695	(287.555)
Arður af hlutabréfum .....	30.718	146.183
	<u>953.413</u>	<u>(141.372)</u>

#### 14. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2012	2011
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	10.909.627	9.528.039
Vaxtatekjur vegna iðgjalda .....	42.860	47.716
Bankainnstæður .....	267.998	255.289
Viðskiptakostnaður .....	(4.385)	(4.900)
	<u>11.216.100</u>	<u>9.826.144</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2012
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	7.335.363	384.093	638.431	1.964	2.549.776	10.909.627
Vaxtatekjur vegna iðgjalda .....	22.472	1.841	3.855	78	14.614	42.860
Bankainnstæður .....	43.227	2.906	158.879	16	62.970	267.998
Viðskiptakostnaður .....	(1.973)	(307)	(888)	(16)	(1.201)	(4.385)
	<u>7.399.089</u>	<u>388.533</u>	<u>800.277</u>	<u>2.042</u>	<u>2.626.159</u>	<u>11.216.100</u>

### Fjárfestingargjöld og rektrarkostnaður

15. Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 379,5 milljónum króna og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 349,7 milljónum króna og vörsluþóknun 29,8 milljónum króna. Þóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 284,6 milljónir króna og meðal rektrarkostnaðar 94,9 milljónir króna.

## Skýringar

### 16. Stjórnarlaun fyrir árið 2012 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2012	2011
Ásgeir Thoroddsen .....	2.160	1.754
Ásdís Eva Hannesdóttir .....	1.080	878
Bjarnar S. Ingimarsson .....	1.080	878
Eliás Jónatansson .....	1.080	878
Elin Þórðardóttir .....	1.080	878
Jónmundur Guðmarsson .....	1.080	878
Magnús Pálmi Skúlason .....	1.080	637
Haukur F. Leósson .....	0	239
Anna Sigríður Halldórsdóttir .....	173	75
Guðmundur Freyr Sveinsson .....	173	75
Andrea Róbertsdóttir .....	98	0
Bjarni Kristjánsson .....	74	75
Örn Gústafsson .....	74	75
	<u>9.232</u>	<u>7.320</u>

Þóknun til meðlima endurskoðunarnefndar á árinu nam alls 1.200 þúsundum króna.

### 17. Þóknarir til endurskoðenda á árinu 2012 sundurliðast með eftirfarandi hætti (með vsk.):

	2012	2011
Endurskoðun ársreiknings .....	3.152	2.331
Könnun árshlutareikninga .....	3.140	2.970
Önnur þjónusta og útlagður kostnaður .....	243	623
	<u>6.535</u>	<u>5.924</u>

### 18. Sérstakt gjald í ríkissjóð var sett á með lagasetningu 2011 til að fjármagna hlutdeild lífeyrissjóða í fjármögnun á sérstökum vaxtabótum sem fram komu í viljayfirlýsingu stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða frá 3. desember 2011. Gjaldið nam 0,0814% af hreinni eign tryggingardeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2011 eða 19,1 milljónir króna og kom fram í álagningu opinberra gjalda 2012. Í ársreikningi 2011 var fyrirframgreiðsla að fjárhæð 15,7 milljónir króna gjaldfærð í fyrsta sinn. Í ársreikningi 2012 er það sem upp á vantar að fjárhæð 3,4 milljónir króna gjaldfært. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði var afnumið vegna ársins 2012.

## Skýringar

### 19. Breytingar á inneign sjóðfélaga greinast þannig á árinu:

	2012	2011
Iðgjöld .....	7.913.101	6.872.058
Greiddur lífeyrir .....	(2.696.282)	(3.592.956)
Fjárfestingartekjur - gjöld .....	11.735.880	9.372.862
	<u>16.952.699</u>	<u>12.651.964</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2012
Iðgjöld .....	2.293.955	693.485	1.564.309	3.119	3.358.233	7.913.101
Greiddur lífeyrir .....	(1.419.145)	(164.552)	(809.140)	(6)	(303.439)	(2.696.282)
Fjárfestingartekjur - gjöld .....	7.880.768	403.422	825.319	2.137	2.624.234	11.735.880
	<u>8.755.578</u>	<u>932.355</u>	<u>1.580.488</u>	<u>5.250</u>	<u>5.679.028</u>	<u>16.952.699</u>

### Fjárfestingar

### 20. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2012	2011
Skráð innlend hlutabréf .....	815.910	162.567
Óskráð innlend hlutabréf .....	2.997.397	1.620.327
Skráð erlend hlutabréf .....	324.547	347.011
Óskráð erlend hlutabréf .....	7	40.569
Innlend hlutdeildarskírteini .....	19.507.598	16.077.975
Erlend hlutdeildarskírteini .....	20.404.907	17.368.659
	<u>44.050.366</u>	<u>35.617.108</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2012
Skráð innlend hlutabréf .....	676.165	22.905	1.210	482	115.148	815.910
Óskráð innlend hlutabréf .....	2.148.353	114.868	3.220	764	730.192	2.997.397
Skráð erlend hlutabréf .....	231.812	15.258	0	163	77.314	324.547
Óskráð erlend hlutabréf .....	7	0	0	0	0	7
Innlend hlutdeildarskírteini .....	12.984.595	1.386.107	1.368.477	4.158	3.764.261	19.507.598
Erlend hlutdeildarskírteini .....	17.877.982	418.272	0	1.621	2.107.032	20.404.907
	<u>33.918.914</u>	<u>1.957.410</u>	<u>1.372.907</u>	<u>7.188</u>	<u>6.793.947</u>	<u>44.050.366</u>

## Skýringar

### 21. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	2012	2011
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	54.815.262	52.941.411
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	1.832.460	984.147
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	396.866	509.313
Skuldabréf fyrirtækja .....	8.503.859	5.684.803
Önnur skuldabréf .....	49.847	65.975
	<u>65.598.294</u>	<u>60.185.649</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2012
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	23.826.062	2.912.505	10.630.671	17.530	17.428.494	54.815.262
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	944.773	103.321	404.076	0	380.290	1.832.460
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	118.891	17.556	28.855	48	231.516	396.866
Skuldabréf fyrirtækja .....	4.375.002	405.211	1.277.949	607	2.445.090	8.503.859
Önnur skuldabréf .....	19.665	2.000	11.410	0	16.772	49.847
	<u>29.284.393</u>	<u>3.440.593</u>	<u>12.352.961</u>	<u>18.185</u>	<u>20.502.162</u>	<u>65.598.294</u>

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

	2012	2011
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu .....	60.893.425	54.987.415
Samkvæmt ársreikningi .....	65.598.294	60.185.649
	<u>(4.704.869)</u>	<u>(5.198.234)</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2012
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu .....	25.800.488	3.047.309	11.527.344	16.122	20.502.162	60.893.425
Samkvæmt ársreikningi .....	29.284.393	3.440.593	12.352.961	18.185	20.502.162	65.598.294
	<u>(3.483.905)</u>	<u>(393.284)</u>	<u>(825.617)</u>	<u>(2.063)</u>	<u>0</u>	<u>(4.704.869)</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild, var 23.341 milljónir króna í lok ársins, samanborið við 20.502 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 2.839 milljónum króna hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 2.755 milljónir króna hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.



## Skýringar

22. Breytingar á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum ársins leiða til þess að gjaldfærðar eru 8,7 milljónir króna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2012. Samsvarandi fjárhæð 2011 var til tekna 128,8 milljónir króna.

23. Skipting erlendra eigna eftir gjaldmiðlum:

	2012	2011
Bandaríkjadollar .....	53,5%	54,3%
Japanskt jen .....	6,2%	6,2%
Dönsk króna .....	1,4%	1,8%
Evra .....	37,6%	36,8%
Aðrar myntir .....	1,3%	1,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

24. Veitt lán gegn veði í fasteignum:

	2012	2011
Sjóðfélagar .....	1.673.991	1.564.403
Aðrir aðilar .....	27.473	32.949
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs .....	(79.753)	(63.351)
Varúðarniðurfærsla á árinu .....	(5.320)	(16.517)
	<u>1.616.391</u>	<u>1.517.484</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2012
Sjóðfélagar .....	1.492.432	0	10.068	171.491	1.673.991
Aðrir aðilar .....	18.318	3.649	0	5.506	27.473
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs .....	(78.242)	(452)	0	(1.059)	(79.753)
Varúðarniðurfærsla á árinu .....	2.704	270	(503)	(7.791)	(5.320)
	<u>1.435.212</u>	<u>3.467</u>	<u>9.565</u>	<u>168.147</u>	<u>1.616.391</u>

25. Aðrar fjárfestingar:

	2012	2011
Fasteign í Bolungarvík .....	14.788	14.788
Fasteign í Hafnarfirði .....	0	26.067
	<u>14.788</u>	<u>40.855</u>

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Áætlað söluverð	Bólkfært verð 31.12.2012
Fasteign í Bolungarvík .....	20.317	114.633	8.500	14.788
	<u>20.317</u>	<u>114.633</u>	<u>8.500</u>	<u>14.788</u>

Frjálsi lífeyrissjóðurinn seldi fasteignina í Hafnarfirði á árinu 2012 og í Bolungarvík á 1. ársfjórðungi 2013.

## Skýringar

### 26. Aðrar kröfur greinast þannig:

	2012	2011
Áfallnir vextir .....	35.510	16.642
Viðskiptakröfur .....	51.933	48.948
Aðrar kröfur .....	149	450
	<u>87.592</u>	<u>66.040</u>

### 27. Aðrar skuldir

	2012	2011
Óbókuð greidd iðgjöld .....	414.973	196.033
Ógreiddur lífeyrir, laun og launatengd gjöld .....	150.349	211.031
Skuld vegna uppgjors gjaldmiðlasamninga .....	178.836	0
Ógreiddur umsýslukostnaður .....	60.271	32.023
Ógreitt til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs .....	17.988	0
Ógreitt sérstakt gjald á lífeyrissjóði .....	0	15.727
Aðrar viðskiptaskuldir .....	1.797	995
	<u>824.214</u>	<u>455.809</u>

## Önnur mál

28. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var með óuppperða gjaldmiðlasamninga við Kaupþing hf. í lok árs 2011. Samið var um uppgjör á gjaldmiðlasamningunum í nóvember 2012. Samningarnir voru gerðir upp með skuldajöfnun skuldabréfa útgefnum af Kaupþingi hf. sem voru í eigu sjóðsins og með greiðslum í evrum. Greiðslur vegna uppgjorsins áttu sér stað á 1. ársfjórðungi 2013 en áhrif uppgjorsins koma fram í þessum ársreikningi. Uppgjörið felur í sér tekjufærslu fyrir sjóðinn á árinu 2012 að fjárhæð 1.549 milljónir króna sem færð er til tekna meðal vaxtatekna og gengismunar í yfirliti um breytingu á hreinni eigin til greiðslu lífeyris.

Breyting á virði gjaldmiðlasamninga vegna uppgjörssamnings:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals
Bókfært virði gjaldmiðlasamninga 31.12.2011* .....	1.342.874	28.044	110	356.416	1.727.444
Bókfært virði gjaldmiðlasamninga við uppgjör * .....	149.221	1.600	12	28.003	178.836
Afkoma framvirkra samninga .....	<u>1.193.653</u>	<u>26.444</u>	<u>98</u>	<u>328.413</u>	<u>1.548.608</u>

\* að teknu tilliti til skuldajafnaðar skuldabréfa útgefnum af Kaupþingi hf.

## Skýringar

29. Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir fjárhæð sem getur numið 7.409 milljónum króna m.v. myntgengi í árslok 2012. Sjóðurinn hefur þegar fjárfest fyrir 67% af skuldbindingunum. Eftirstöðvarnar, um 2.400 milljónir króna, koma til greiðslu á næstu þremur til fjórum árum í samræmi við fjárfestingarumfang sjóðanna. Á móti koma endurgreiðslur frá sjóðunum þegar fjárfestingar eru seldar aftur. Um er að ræða sjóði í EUR, GBP og ISK.

### Tryggingafræðileg úttekt

30. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins 78.725 milljónum króna í árslok 2012 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2012 var 78.483 milljónir króna eða 243 milljónum lægri eða -0,3%. Lífeyrisskuldbinding tryggingardeildar sjóðsins í árslok 2012 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Samtals 31.12.2012	Samtals 31.12.2011
<b>Eignir:</b>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	29.146.767	0	29.146.767	23.467.739
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti .....	775.000	0	775.000	920.500
Lækkun vegna fjárfestingagjalda .....	(770.200)	0	(770.200)	(707.900)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	49.331.000	49.331.000	36.448.900
	<u>29.151.567</u>	<u>49.331.000</u>	<u>78.482.567</u>	<u>60.129.239</u>
<b>Skuldbindingar:</b>				
Ellilífeyrir .....	21.521.400	33.975.800	55.497.200	42.011.100
Örorkulífeyrir .....	5.914.200	11.016.300	16.930.500	13.183.800
Makalífeyrir .....	1.925.200	2.915.300	4.840.500	3.862.500
Barnalífeyrir .....	62.100	582.900	645.000	521.200
Rekstrarkostnaður .....	187.800	624.400	812.200	771.800
	<u>29.610.700</u>	<u>49.114.700</u>	<u>78.725.400</u>	<u>60.350.400</u>
